

Gildistaka.

68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin framfærslu-
lög, nr. 80/1947, með síðari breytingum, og lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952,
með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Jóhanna Sigurðardóttir.
LÖG

**um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlana
til einstaklinga, nr. 63/1985.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánnum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, ekki valda því að greiðslubyrði af lánnum þyngist.

2. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Við gerð lánsamnings skal ákveða greiðslumark fyrir lánið:

- a. Greiðslumark af verðtryggðu láni með jöfnum afborgunum er gjaldfallin afborgun og vextir eins og þeir eru á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.
- b. Greiðslumark af verðtrygðum jafngreiðslulánum er árgreiðslan á verðlagi við lántöku miðað við vexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Jóhanna Sigurðardóttir.